



## -Arfabót-

Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri,  
V-Skaftafellssýslu. Óþekkt hús (Hús H), búr, kirkjugarður og  
prufuhola  
Skýrsla VIII



Bjarni F. Einarsson  
2023



Samstarfsaðilar: Próf. Þorvaldur Þórðarson, jarð- og eldfjallafræðingur HÍ  
 Dr. Hilmar J. Malmquist, líffræðingur Náttúruminjasafni Íslands  
 Próf. Snæbjörn Pálsson, stofnlíffræðingur HÍ  
 Dr. Ólafur Eggertsson, jarð- og viðarfræðingur Skógræktin á Mógilsá  
 Dr. Wesley Randall Farnsworth, jarðfræðingur við Globe institute, Kaupmannahöfn. HM Queen Margrethe II's and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate and Society (ROCS)  
 Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate and Society (ROCS). University of Copenhagen. Globe Institute - HÍ

Forsíðumyndin sýnir kirkjuna í miðjum kirkjugarði. (Stafr. myndir nr. 2023-32 Horft mót A. Ljósm. BFE 2023).

**F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
 Desember 2023

## **Formáli**

Áttunda sumar rannsókna í Arfabót hófst mánudaginn þann 3. júlí síðastliðinn og stóð yfir í 15 vinnudaga. Helsta markmið rannsókna er sem fyrr að grafa fram síðasta skeið bæjarins og hafa hann til sýnis þeim sem áhuga hafa á að skoða slíkan bæ. Stefnt var að því að klára meinta smiðju (Hús H) og grafa ofan af garðinum umleikis kirkjuna og upp úr honum. Einnig var sandur inni í kirkjunni lækkaður svo hún sæist betur þegar allur garðurinn var grafinn utan um hana.

Eins og síðastliðin sumur fór mikill tími í að grafa í burtu sand til að búa í haginn fyrir áframhaldandi rannsókn, en nú hefur nær öllum sandi verið mokað burt svo ljúka megi rannsóknum á næstu tveimur sumrum og ná þannig markmiðum rannsókna. Lítil vélgrafa var notuð til starfans.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornminjasjóður og Skaftárhreppur. Fyrri samstarfsaðili, Skógasafn, hefur nú dregið sig úr samvinnunni alfarið.

Auk undirritaðs tóku þau Svavar Nielsson fornleifafræðingur, fornleifafræðinemarnir Anna S. Ingólfssdóttir (í eina viku) og Sigþór Bjarni Geirsson, norrænufræðingurinn Giorgia Sottotetti og Þorgeir Eiríksson aðstoðarmaður, en hann sá m.a. um að stýra vélgröfunni. Allur aðbúnaður á vettvangi var sem fyrr og hefur verið lýst áður.

Samstarfsaðilar voru, Dr. Ólafur Eggertsson Skógræktinni á Mógilsá, Hilmar J. Malmquist á Náttúruminjasafni Íslands, Próf. Þorvaldur Þórðarson HÍ, Próf. Snæbjörn Pálsson HÍ og Welsey Randall Farnsworth, Globe institute, Kaupmannahöfn.<sup>1</sup>

Öllum styrktaraðilum, samstarfsaðilum og starfsmönnum, færi ég mínar bestu þakkir.

Forsögu rannsókna og staðháttum hefur verið lýst í fyrri skýrslum.

Veður var nokkuð gott, en eins og háttar til á sandinum er gjarnan vindur sem hreyfir sand sem verður til vandræða á stundum.

---

<sup>1</sup> *Rocs*. Queen Margarethes and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate, and Society. Háskólinn í Kaupmannahöfn - HÍ.



Mynd 1. Loftmynd af öllu rannsóknarsvæðinu við Arfabót á Mýrdalssandi. Hugsanlegur ónefndur bæjarlækur austan megin. (Stafr. myndir nr. 63. Norður vísar upp. Ljós. BFE).

### **Rannsóknin**

Eins og í fyrrasumar var hæðarpunkturinn við kirkjuna notaður. Er hann við X 400 Y 500 og hæð hans skilgreind sem 10 m.y.s.

Slegin voru niður járnror utan um bæinn við X 430–Y 480 og X 422–Y 480. Síðan voru önnur tvö rör slegin niður við X 430–Y 465 og X 422–Y 465.

Byrjað var á því að moka sandi úr kirkjugarðinum og frá kirkjunni með vélgröfu. Lokið var við að moka sandinum úr öllum kirkjugarðinum með vélgröfu og handvirkur gröftur tók við.


Teknar voru stafrænar myndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og sömuleiðis voru drónamyndir teknar með reglubundnu millibili. Til að hægt sé að leiðrétta þá litlu bjögun sem linsan í drónanum veldur, voru settir út gulmálaðir krossar á járnrorin í hnitakerfinu svo þeir sæjust á helstu drónamyndum. Þeir sjást t.d. á forsíðumyndinni.

Öll hús eru nú fullrannsökuð miðað við aðalmarkmið rannsókna sem var að rannsaka síðasta skeið búsetunnar. Þeim hefur öllum verið lýst í fyrri skýrslum. Þó mun rannsókn á Húsi H halda lítilega áfram.

Nú á aðeins eftir að komast að því hvort aflögð hús/rými kunni að finnast norðan við Hús D (stofu), F (skála/búr) og Hús H og innan við grjóthleðsluna sem umlykur allan bæinn. Finnist þar hús/rými varpar það skýru ljósi á byggingarsögu bæjarins og hvort sú mynd sem nú má draga af henni eigi við rök að styðjast, en hún er að bænum hafi hrakað hægt og bítandi þar til hann var aflagður. Bófinn í því drama var Katla. Könnun á stærð stofunnar skiptir þar einnig máli og hún verður könnuð.

Að síðustu var könnunarskurður grafinn framan við bæjarhúsin (sunnan megin við stofuna, sjá mynd 1) til að kanna betur afstöðu mannvistarlags





Mynd 2. Endurskoðuð flatarteikning af Húsi F1, búrinu (tunnufari bætt við). Teiknað eftir mörgum stafrænum loftmyndum. Göng t.v. með dökkum hellum og búr t.h. Skilrúm á milli skála og búrs er með dökkri steinaröð þvert um húsið. Tunnuförin eru hringirnir lengst til hægri. Stóri hringurinn er sá farið.

sem fannst um haustið í fyrra undir bæjarhúsunum, Húsi H, og freysta þess að komast að því hvenær byggt var aftur í Arfabót eftir gosið mikla í Eldgjá 934. Stefnt var að því að skoða þennan skurð á haustmánuðum með prófessor Þorvaldi Þórðarsyni, en fresta varð förlinni vegna jarðhræringa við Grindavík. Skurðurinn bíður því næsta árs.

### ***Bæjarhúsin A-H***

Síðasta skeið bæjarhúsanna í Arfabót er nú nær fullrannsakað. Stærð þeirra hefur verið lýst í síðustu skýrslu. Smávægilegar viðbætur hafa þó komið í ljós í búrinu inn af skálanum og Húsi H.

Ef marka má dýptina á mannvistarlaginu sem fannst austan við Hús H og er eldra en 934 þá má vænta þess að um 0,3 m undir gólfinu í skálanum sé að finna minjar eldri en það ártal. Þar á milli ættu að finnast minjar um upphaf seinni búsetunnar í Arfabót, þegar bærinn var byggður upp á ný eftir hið mikla gos í Eldgjá 934. Getum er að því leitt að það upphaf sé eftir um 1200.

### ***Hús F1, búr***

Í skýrslu VI frá 2021 kemur fram að tunnufar hafi sést við austurgafli búrsins inn



Mynd 3. Tunnufar 1 með viðarleifum. (Stafr. myndir nr. 37. N vísar til hægri. Ljós. BFE).



Mynd 4. Tunnufar 1 til vinstri fullrannsakað og tunnufar 2 til hægri. Sjá má gráa lagið umhverfis báðar tunnurnar, sérstaklega tunnufar 2. (Stafr. myndir nr. 49. N vísar til vinstri. Ljós. BFE).

af skálanum. Nú var þetta svæði skoðað aftur til að kanna tunnufarið nánar og jafnframt að komast að því hvort eitthvað af sánum væri eftir í sáfarinu sem þar stóð hjá. Í ljós kom að tunnufarið var grunnt og neðst í því var hella. Norðan við tunnufarið var svo annað tunnufar svipaðrar stærðar, en grynna. Engir stafir komu í ljós við sáfarið.

Tunnufar 1, hið syðra, var 0,48–0,51 m í þvermál. Rétt undir yfirborðinu komu í ljós mjög morkið timbur, hugsanlega stafir, sem ekki var hægt að bjarga. Við viðarleifarnar fannst járnband (Fnr. 2023-15) og annar járnmoli (Fnr. 2023-17). Járnbandið gæti verið leifar af gjörð. Rétt við tunnufarið fannst brons þynna sem gæti verið leifar af diskum (Fnr. 2023-19). Holan var um 7–8 sm djúp og neðst í henni var hella sem fyllti í næstum alla holuna. Hún hefur staðið undir tunnunni.

Um 15 sm norðan við þetta tunnufar var annað tunnufar, tunnufar 2. Var tunnufarið aðeins víðara en tunnufar 1, en mun grynna, ekki dýpra en 1–2 sm. Í því sást ekkert timbur, en í því fannst einn járnmoli (Fnr. 2023-5). Við tunnufarið fannst ógreinanlegur gripur úr bronsi (Fnr. 2023-18).

Umleikis bæði tunnuförin var grátt lag sem gæti hafa verið lagt þar til að umlykja tunnubotnana.


Þessi tunnuför liggja í línu með gaflinum og í raun er pláss fyrir þriðja tunnufarið norðan við þau. Það þarf að kanna nánar næsta sumar. Ljóst er að tunnur hafa staðið þarna á mismundandi tímum. Fyrst þegar grafið var ofan af gólfinu kom í ljós tunnufar nánast á sama stað og tunnufar 1 (sbr. stafr. myndir nr. 2020-30), sem hvarf svo þegar neðar dró. Sumarið 2021 var fyrstnefnda tunnufarið horfið (sbr. stafr. myndir nr. 2021-36), en í lok sumarsins var komið nýtt tunnufar í ljós nánast á sama stað og það var tunnufar 1. Tunnuförin eru því orðin þrjú.

Tveir timburhælar eða pinnar standa upp úr skálagólfinu (Húsi F). Sá stærri er við X 424,70 Y 482,65 og sá minni við X 425,50 Y 478,90. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þeir gegna.

Auk áður nefndra gripa fundust fleiri gripir í búrinu. Voru það snældusnúður úr íslenskum rauðum sandsteini sem fannst í NA horninu



Mynd 5. Snældusnúður úr rauðum sandsteini sem fannst í búrinu inn af skálanum. (Fnr. 2023-2. Ljós. BFE).



Mynd 6. Leirtausbrot sem fannst búrinu inn af skálanum. (Fnr. 2023-3. Ljós. BFE).



Mynd 7. Gjallmoli sem fannst í kolalaginu í suðaustur horni Húss H. (Fnr. 2023-14. Ljós. BFE).



Mynd 8. Flatarteikning af Húsi H teiknuð eftir stafr. mynd nr. 2022-35 og 2023-17. Milligrár litur sýnir steina í vegg undir efstu steinum. Dökk grár litur sýnir undirstöður undir þil. Ljósir steinar á gólfi hússins eru hellur. Ljósgrænn litur sýnir líklegan kamp, en ekkert gólf fannst þar undir sem styður það. Í suðaustur horni var áberandi mikið af kolum (afmarkað með línu og gæsalöppum), annars var gólfið nær allt fullt af viðarkolum, sóti og ösku.

(Frn. 2023-2, mynd 5) og leirtausbrot við austurgaflinn. (Fnr. 2023-3, mynd 6).

### ***Hús H***

Haldið var áfram að grafa í gólfi húss H til að freysta þess að gripir og mannvirki gætu varpað ljósi á hlutverk hússins, en það hefur verið talið geta verið smiðja. Ekki fannst neitt eldstæði sem styrkt gat þessa hugmynd, en eina gjallið sem fundist hefur í Arfabót er úr þessu húsi. Fundist hafa átta gjallmolar fram að þessu (undir fimm númerum) og sex þeirra í eða við viðarkolalag í suðaustur horninu. Við þetta má bæta að einn járnklumpur sem talinn er vera hrájárn fannst við viðarkolalagið. Sé gripurinn rétt greindur sýnir hann að fólkið í Arfabót hafi fengist við járngerð eða keypt hrájárn af öðrum sem framleiddi járn á svæðinu. Flest bendir því til þess að húsið sé smiðja, þó frekari ummerki um það séu nú horfin. Einn gjallmollinn kann að vera bráðnum perla (Fnr. 2023-13).

Í húsinu hafa fundist 11 gripir undir átta númerum fram að þessu. Auk gjallsins og hrájárnsins eru það spaði úr hvalbeini og lítill járnagl.

Í lok rannsóknartímans var húsið mælt upp aftur og reyndist þá ýfið minna en fyrri mæling gaf til kynna. Breidd hússins er 1,9 m og lengdin 3,58 m. Það er því 6,08 m<sup>2</sup>.

Þær eru ekki margar smiðjurnar frá miðöldum sem rannsakaðar hafa verið hér á landi. Á stórbýlinu Stöng í Þjórsárdal, sem fór í eyði eftir 1200, er smiðjan 26,95 m<sup>2</sup>. (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1995). Við kotbýlið Skarðssel, sem var í byggð 1894–1934 var smiðjan aðeins 4,37 m<sup>2</sup> að



stærð. (Bjarni F. Einarsson 2017). Smiðja í Kúabót var ekki rannsökuð né staðfest.

Rauðasmiðja að Skógum í Fnjóskadal (Hús A5) var 3,5 x 6,5 m stór, eða 22,75 m<sup>2</sup>. (Guðmundur St. Sigurðarson o.fl. 2013:20). Hún er aldursgreind til 12.–13. aldar og kölluð rauðasmiðja þar sem járn var framleitt úr mýrarrauða. Hún var ekki smiðja sem tilheyrði bæ eins og þær sem áður hafa verið nefndar hér.

Engin smiðja fannst í Kúabót og reyndar fannst þar aðeins einn gjallmoli og hann fannst í Húsi H sem kallað er eldhús af rannsækenda, en hér endurtúlkað sem skemma. Þetta þýðir að smiðjan hefur staðið frá bæ og gæti verið eitt þeirra órannsökuðu húsa sem enn má sjá í kringum bæinn.

## ***Kirkja og kirkjugarður***

### *Kirkjan*

Nú ætti að vera orðið ljóst að hin meinta kirkja er kirkja<sup>2</sup>. Það eina sem vantar eru grafir í garðinum. Innri mál hennar eru 2,54 x 5,38 sem gera 13,67 m<sup>2</sup>. Ytri mál hennar eru 5,8 m á breidd og 7,7 m á lengd. Hún er því nokkuð minni en nágretta kirkjan í Kúabót sem var 16,96 m<sup>2</sup>. Kirkjan á Stöng er 9,24 m<sup>2</sup> (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1995) og því minni en kirkjurnar í Kúa- og Arfabót. Stangarkirkjan er einnig eldri en þær báðar og það kann að skýra stærðarmunin, að kirkjur hafi stækkað eftir því sem leið á miðaldir. Um stærðir rannsakaðra kirkna á Íslandi má lesa í *Landnám og landnámsfólk* (Bjarni F. Einarsson 2020:424).

Rými	Innri mál	Ytri mál
Arfabót	2,54 x 5,38 = 13,67 m <sup>2</sup>	5,8 x 7,7 = 44,66 m <sup>2</sup>
Kúabót	3,2 x 5,3 = 16,96 m <sup>2</sup>	≈ 58,96 m <sup>2</sup>
Stöng	2,8 x 3,3 = 9,24 m <sup>2</sup> + 0,5 (kór)	≈ 25,5 m <sup>2</sup> . (+ kór)

Tafla x. Samanburður á stærðum nokkurra rannsakaðra kirkna á Íslandi.

Hugtakið kirkja er hér notað í víðum skilningi, en kirkjum mátt skipta upp í nokkrar tegundir eftir hlutverki þeirra og skildum. Í alkirkjum skildi syngja messur hvern helgan dag. Í hálf- þriðjungs- og fjórðungskirkjum skyldi syngja messur annan, þriðja eða fjórða hvern helgan dag. (Hjalti Hugason 1988:85). Kirkjur með takmörkuð réttindi og skyldum og þjónuðu einu heimili kallast stundum heimiliskirkjur (sami 1988:84). Kirkjan í Arfabót hefur vafalaust verið ein slíkra og því hæpið að hún hafi haft graftrar- eða skírnarrétt, þó það sé ekki útilokað, því sumar þeirra fengu leyfi biskups til þessa. En hún gæti einnig hafa verið bænhus sem var sérstakt afbrigði guðshúsa fyrir eitt heimili. Munurinn á heimiliskirkju og bænhusi var því lítill að öðru leyti en því að í bænhusi mátti ekki messa á stórhátíðum, þá skildi hlusta í sóknarkirkjunni og þá líklega í Þykkvabæ. Í bænhusum mátti ekki skíra, konur máttu ekki vera þar eftir barnsburð, ekki mátti gifta, grafa lík eða gefa aflausnir.

Veggirnir eru úr torfi og grjóti með innri kjarna úr torfi. Mesta breidd veggjanna neðst er 1,71 m að sunnan og 1,78 að norðan (mælt við

<sup>2</sup> Hvort kalla eigi húsið kirkju, bænhus eða kapellu skiptir ekki máli hér. Guðshús hefur það verið í upphafi.





Mynd 9. Horft yfir kirkjurústina fyrir rannsókn 2012. Myndin var tekin þann 12. nóv. 2011 þegar farið var í ferð til Arfabótar með Þórði Tómassyni, en Þórður fékk undirritaðan til að koma og skoða með það að markmiði að rannsókn hæfist þegar næsta sumar. (Horft mót A. Ljósm. BFE).

vesturgaflinn í báðum tilfellum). Hæð grjóthleðslunnar á gaflinum er 0,99 m að sunnan og 0,73 að norðan. Líkleg torftækni í veggjum var lýst í skýrslu I frá 2013, en veggirnir hafa verið hlaðinir úr hnausum.

Veggirnir dragast saman upp á við að utanverðu, en veggir inni í kirkjunni eru lóðréttir nema þar sem þeir hafa fallið inn í kirkjuna.

Utanvert er hæð grjóthleðslanna (mælt á miðjunni) 1,21 m á suðurvegg, 0,91 m á austurvegg og 1,14 m á norðurvegg. Vesturveggur hefur haft þil.

Eins og kemur fram í skýrslu 2013 fundust engir gripir inni í kirkjunni (Bjarni F. Einarsson 2013). Ofarlega í norðurveggnum utanvert fannst einn gripur úr bronsi síðastliðið sumar. Aðrir gripir fundust ekki í henni. Örfá mannvirki fundust inni í kirkjunni, en það voru nærri því ferhyrnd hola við austurgaflinn sem var 0,4 x 0,45 m stór og vísbendingar um stoðarsteina voru að finna sín hvoru megin í hornum við austurgaflinn og tveir austarlega á norður- og suðurveggnum. Húsið hefur því varla verið þrískipa með stoðir úti á gólfinu, heldur hafa stoðirnar verið með veggjum.

Að sunnanverðu komu steinar í ljós undir kirkjunni sem hafa verið hluti af eldri kirkju á staðnum, en vísbendingar um slíkt komu í ljós síðastliðið sumar að norðanverðu. Eldri kirkjan hefur snúið örlítið meira í norður en sú yngri og hefur verið mjög svipuð að stærð, hugsanalega örlítið stærri.

Kirkjan í Kúabót, sem var lítið eitt stærri, en nánast alveg eins í forminu og hvað byggingarefni varðar, geymdi mikið magn af gripum, ólíkt því sem



Mynd 10. Loftmynd af kirkjunni og kirkjugarðinum. Sjá má að sunnan við kirkjuna hefur verið grafið aðeins dýpra (um 20 sm) í leit að gröfum. Þar var svartur sandur sem virðist geta verið tilkomin áður en að eldri kirkjan var byggð (ekki alveg ljóst). (Stafr. myndir nr. 2023-64 (skorin). N vísar upp. Ljósm. BFE).

var í Arfabót. Hún hefur því fengið nýtt hlutverk eftir að hún hætti að þjóna sem guðshús. Hlutverkið sem hún hefur fengið var hlutverk skemmunnar. Í Arfabót fékk kirkjan einnig annað hlutverk sem ekki skildi eftir sig neina gripi.

Það þótti ekki mikið tiltökumál að nýta kirkjur undir veraldlega hluti áður fyrr, þó það sé síður gert nú á tímum. Ef þær voru í einkaeign, eins og algengt var, þurfti ekki að leita leyfis til þess (Hjalti Hugason 1988:150).

### *Kirkjugarðurinn*

Kirkjugarðurinn er 18,20 m utanvert A–V og 17,95 m N–S. Formið á garðinum er einskonar fimmhyrningur. Allar hliðar nokkuð beinar nema norðurveggurinn. Garðurinn sjálfur er úr torfi einu saman nema kaflinn vestast, þar er grjót í undirstöðum bæði að utan- og innanverðu og nokkrar hæðir upp. Þessi kaflur markast af tveimur hliðum í garðinum. Þetta er best varðveitti kaflur kirkjugarðsveggjanna og þarna er hann 1,17 m breiður.



Nyrðra hliðið er 1,28 m breytt og það syðra 1,15 m breitt. Kampsteinar sjást í nyrðra hliðinu að vestanverðu, en engir kampsteinar eru í syðra hliðinu. Á Gásam var hluti kirkjugarðsins með grjóti neðst að innanverðu, á um 8,5 m löngum kafla (Orri Vésteinsson 2008:48) sem er nokkuð styttra en í Arfabót, en þar var lengdin um 11,4 m. Og alveg eins og í Arfabót, þá voru hleðslurnar beint vestur af kirkjunni. Hver skýringin kann að vera á þessum grjóthleðslum liggur ekki fyrir, en líklegasta skýringin er að þetta tengist einhverjum trúarlegum hugmyndum.

Að það skuli vera tvenn hlið á kirkjugarðinum í Arfabót kemur á óvart og þekkir höfundur ekki til að slíkt fyrirkomulag sé annarsstaðar á Íslandi í miðaldakirkjugörðum. Í suðausturhorninu er rof í garðinum (ekki hlið).

Samkvæmt kristnirétti hinum nýja frá 1275 átti kirkjugarðsveggur að vera 40 skref frá höfuðkirkju, en 30 frá kapelli (líklega átt við bænhús. Ísl. fornbréfasafn 1893:127). Lengdin á milli kirkju og kirkjugarðs í Arfabót er minni en í báðum þessum tilfellum. Þetta mun hafa verið algengt á Íslandi að þessi fyrirmæli voru ekki uppfyllt.

Frá vesturgafli kirkjunnar liggur stétt út um nyrða hliðið og í beina stefnu að bæjardyrum bæjarhúsanna. Stéttin virðist vera tvær kynslóðir. Efri stéttinn er gerð úr grófu ósléttu grjóti, en sú neðri úr flötum hellum.

Báðar stéttirnar hafa tilheyrt líftíma yngri kirkjunnar. Hæð þeirra yfir sjávarmáli miðað við hæð eldri kirkjunnar er of mikil til að geta verið hluti af henni.

Þegar Arfabót er yfirgefinn eru allar líkur á því að kirkjan hafi þá verið komin úr brúki sem guðshús. Kirkjugarðurinn er orðinn lúinn og honum ekki haldið við, nema hugsanlega vestasti hluti hans sem er á milli hliðanna. Hann er ólíkur öðrum hlutum garðsins á þann veg að hann var sléttur og felldur undir sandinum, en aðrir hlutar mjög óslettir, misþykkir og dældaðir. Kirkjan sjálf er hins vegar mjög heilleg, veggir nánast heilir í fullri hæð. Þetta gæti bent til þess að kirkjan hafi verið byggð, eða endurbyggð skömmu áður en búskap var hætt, eða, að kirkjan hafi þjónað öðrum tilgangi í lokin og því tengdu hafi veggstubburinn á milli hliðanna verið haldið við sem og kirkjunni. Yngri stéttin gæti hafa verið hluti af þessu tímabili kirkjunnar þegar hún var ekki lengur guðshús. Í gólfinu í kirkjunni fundust hófför sumarið 2012 og þar gæti skýringin verið. Kirkjur þjónuðu gjarnan ýmsum veraldlegum hlutverkum, allt frá skemmum til veisluhalda.

Það eru ekki margir kirkjugarðar rannsakaðir í heild sinni á Íslandi. Þá er átt við sjálfan garðinn umleikis kirkjuna, ekki það sem í honum var. Þó eru nokkrir sem má nefna þótt ekki séu þeir allir fullrannsakaðir.

Í Keldudal á Hegrnesi í Skagafirði fannst kirkjugarður og kirkja árið 2002. (Guðný Zoäga 2008:13). Var hvorutveggja rannsakað ári síðar. Minjarnar eru frá 11.–13. öld. Kirkjurústin var illa farin, en hefur verið um 3 x 3–4 m stór að innanmáli. Þetta hefur ekki verið torfkirkja, heldur stafkirkja. Kirkjugarðurinn var hringlaga og ummál hans hefur verið um 18–19 m utanvert. (Sama 2008:25). Í garðinum fundust 52 grafir og 54

einstaklingar. Kirkjugarðsveggurinn var hlaðin úr torfi, með einfaldri röð af grjóti neðst, utanvert. Garðurinn í Keldudal var eldri en garðurinn í Arfabót. Ekkert hlið var staðfest né stétt.

Sumarið 2012 hófst fornleifarannsókn á 11. aldar kirkjugarði og kirkju í Stóru-Seylu á Langholti í Skagafirði, en áður höfðu farið fram forrannsókir og jarðsjármælingar á tveimur kirkjugörðum á staðnum. (Guðný Zoëga 2013). Annar garðanna var þekktur en hinn óþekktur. Sá þekkti var ívið yngri eða frá því um 1100 og í báðum voru grafir. Rannsóknin 2012 beindist að eldri garðinum. Var hann hringlaga um 18 m í þvermál utanvert, gerður úr grjóti neðst en restin torf. Á garðinum var hlið og úr hliðinu að bænum, sem var fimm m frá, lá stétt. Í miðjum garðinum var kirkjurúst, 2 m breið og 2,7 m löng að innanmáli. Þar hefur verið timburkirkja (stafkirkja). Ekkert gólf fannst í henni.

Í Keflavík á Utanverðunesi í Skagafirði voru gerðar jarðsjármælingar á hringlaga kirkjugarði og kirkju árið 2017. Garðurinn reyndist um 20 m í þvermál. Var hann svo staðfestur ári síðar og í honum voru grafir. (Guðný Zoëga 2018). Þessi garður var einnig eldri en sá í Arfabót.



Mynd 11. Kirkjan og kirkjugarðurinn í Arfabót á Mýrdalssandi. Rautt sýnir hugsanlegt staði fyrir altari. Ljósgrænt sýnir rof í kirkjugarðsvegg. Dökkgrænt og dökkgrátt sýnir leifar af eldri kirkju. Ljósgrátt í stétt sýnir yngri kynslóð stéttarinnar. Milligrátt í stétt sýnir eldri kynslóð stéttarinnar. Ljósgrár litur í veggjum kirkju og kirkjugarðs sýnir efstu steina, en milligrátt sýnir steina neðar. Prh. sýnir þar sem könnunarskurðir voru grafnir inn í kirkjugarðsvegginn í þeim tilgangi að finna grjót. (Teiknað eftir stafr. myndum nr. 2023-64).



Efni	2012	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals	A	B	C	D	E	F	G	H	Hlað	Kirkjug.	Annarsstaðar
Bein	-	15	9	13	11	9	2	2	61	7	3	19	-	1	15	3	2	6	3	2 (lausaf.)
Brons		2	4	1	10	16	3	5	41	2	-	4	-	-	26	-	1	2	4	1 lausaf. í skemmu
Járn		5	9	6	17	13	1	7	58	4	2	8	-	2	24	8	2	5	1	2
Steinn		3	-	1	6	3	-	2	15	2	1	-	-	1	7	3	-	-	-	1
Tré		1	3	2	5	24	-	-	35	1	-	5	-	3	26	-	-	-	-	-
Flöguberg		-	1	-	-	5	-	-	6	-	-	-	-	-	6	-	-	-	-	-
Leirtau		-	-	-	-	4	-	1	5	-	-	-	-	-	4	-	-	1	-	-
Skel/						1	-	-	1	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	-
Leður						3	-	-	3	-	-	-	-	-	3	-	-	-	-	-
Ull						3	-	-	3	-	-	-	-	-	3	-	-	-	-	-
Gjall							1	4	5								5			


Tafla 1 yfir efnisflokk (fundanúmer) sem fundist hafa árin sem rannsóknir hafa farið fram í öllum húsum í Arfabót og utan þeirra. Í nokkrum tilfellum eru fleiri en einn gripur skráðir saman. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða.

Tegund	A Fjós	B Heystæði	C Skemma	D Stofa	E Klefi	F Skáli	G Eldhús	H	Hlað	Kirkjug.	Lausafundur
Hnífar	1				1	2					1
Steinar	2	1				7					
Kljásteinar						4	2				
Snældusnúðar						2					
Bryni			1			5					
Rónaglar									2		
Naglar (járn)				2	1	5	2	1	3	1	
Naglar (brons)								1		1	
Sneisar			3		1	1					
Brons (plöt.lykkja, lok)			2			3					3
Unnið tré			1			4					
Unnin bein			1			1		1			
Hóffjaðrir			1			1	3		1		
Kotur					1		1				
Bronsprjónar						1					
Járnlykkja						1					1
Fiskasleggjur						1					
Bronsborði						2					
Bronskál						3					
Bronsdiskur						1					
Bronsskinnur						1					
Slípisteinar						1					
Tréhælar						3					
Trélok						1					
Beltissproti						1					
Næla						1					
Leirtau						4					1
Leður						3					
Skel/hismi						1					
Kotra						1					
Sill						1					
Sleif						1					
Textill						3					
Gjall									5		

Tafla 2 yfir sumar gripategundir í einstökum húsum, án beina. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum.

Kirkjugarður á Hofstöðum í Mývatnssveit er 25 m í þvermál og áttstendur (Hildur Gestsdóttir 2016:30). Inni í honum voru 170 grafir og þar af 90 barnagrafir sem gerir hann einstakan. Garðurinn er aldursgreindur til 1300–1410 (Hildur Gestsdóttir 2015:15). Upphafið mátti rekja allt til 940–1104. Garðurinn var hlaðinn úr torfi (streng) einu saman með einu hliði sem var hlaðið úr grjóti og í því var stétt, sem þó náði hvorki út úr hliðinu né inn að kirkjunni.

Kirkjan í Kúabót, sem er rétt tæpir 2,5 km NA frá Arfabót, er mjög áþekkt kirkjunni í Arfabót. Sama byggjarlag er á þeim, sömu efni og svipuð stærð. Þar fundust stoðarsteinar í austurhornunum og einnig við suður- og norðurvegg skammt frá. Gólfíð í kirkjunni í Kúabót var ógreinilegt en því fundust viðarleifar og höggspænar og stokkar ofan á stoðarsteinum upp við langveggina sem benda til þess að timburgólf hafi verið í kirkjunni. (Lilja



Mynd 12. Bær, kirkja og kirkjugarður.

Árnadóttir 1987:58). Stétt lá að kirkjunni frá bæjardyrum og ýmislegt benti til þess að utan um kirkjuna hafi verið kirkjugarður, en það var ekki rannsakað ýtarlega og reyndar mjög lítið pláss á milli kirkjunnar og bæjarins í Kúabót svo þetta er alls ekki víst. Engar grafir fundust í kirkjugarðinum í Kúabót.

Þrátt fyrir nokkra leit fundust engin ummerki um að grafir kynnu að finnast í kirkjugarðinum í Arfabót. Sunnan megin í honum var grafið aðeins dýpra, eða um 20 sm, en þar fundust ekki heldur ummerki um grafir. Allt bendir því til þess að aldrei hafi verið grafið í kirkjugarðinum í Arfabót. Leitinni verður þó haldið áfram næsta sumar.

Í garðinum og kirkjugarðsveggnum fundust fimm gripir þetta sumar og eru þá gripirnir orðnir 10 í garðinum og utan á kirkjunni.

Í stéttinni fundust einn bronsnagli og tvö bein. Á kirkjugarðsveggnum fundust tvær plötur af bronsi. Beinin tvö voru skoðuð af beinafræðingi og eru örugglega ekki mannabein. Stærri beinið er úr nautgrip og það minna úr kind.

Nákvæm aldursgreining á kirkjunni í Arfabót liggur ekki vel fyrir. Ef bærinn hefur farið í eyði um miðja 15. öldina þá er kirkjan frá því í lok 14. aldar og eldri kirkjan gæti því verið frá fyrri helmingi 14. aldar. Á næsta ári verða tekin gjóskusýni úr kirkjugarðsvegg og báðum kynslóðum kirknanna ef hægt er.

### ***Gripir***

Samtals fundust 24 gripir undir 21 fundanúmeri sumarið 2023. Undir einu fundanúmeranna voru fjórir gjallmolar úr Húsi H. Algengustu efnisflokkarnir nú voru járn, brons og gjall, auk beina, steina og leirtaus (sjá töflu 1).

Gripum mun nú ekki fjölga neitt að ráði við næstu rannsóknir þar sem bæjarhúsin eru að mestu leiti fullrannsókuð miðað við markmið rannsóknanna, sem var fyrst og fremst að kanna síðasta skeið bæjarins. Það má því fullyrða að gripafjöldinn er mjög lítill í Arfabót miðað við t.d. Kúabót. Ástæðan hlýtur að vera sú að fólkið fór ekki með hraði frá Arfabót, heldur hvarf á brott með skipulögðum hætti eins og viðrað er í síðustu skýrslu. Það hefur tekið með sér allt sitt hafurtask og aldrei snúið aftur. Það hefur jafnvel tekið með sér helstu húsaviði svo sem stoðir og stokka.

Mikill munur er á fjölda gripa í Arfabót og Kúabót. Fundanúmerin í Kúabót eru rúmlega 560, en 233 í Arfabót. Minna var safnað í Kúabót og oft látið duga að taka sýnishorn sem gerir fundanúmerin færri en ella. Í Kúabót fundust efnisflokkar sem ekki fundust í Arfabót. Flokkar eins og blý, tin, silfur, gler og vax. Þar fannst fjöldi leirkersbrota, íláta úr bronsi, úrskornu timbri og þar fannst líkneski. Allt bendir þetta til velsæmis í Kúabót og það hefur varað þar til það tók snöggan enda. Myndin er talsvert öðruvísi í Arfabót. Þar var talsverður aðdragandi að endinum, aðdragandi sem lýsa má sem hnignun sem endaði svo með því að ekki var búandi lengur á staðnum.

### ***Sýni***

Sjö sýni voru tekin sumarið 2023. Voru það tvö jarðvegssýni sem stefnt er að eDNA greina, tvö viðarkolasýni, eitt viðarsýni og tvö gjóskusýni. Stefnt var að því að fara aftur austur í Arfabót til að taka fleiri gjóskusýni, en jarðhræringar í Grindavík komu í veg fyrir að sú ferð væri farin. Hún er á dagskrá um leið og aðstæður leyfa. Þá verður stefnt að því að taka gjóskusýni undir bænum, úr báðum kynslóðum kirkjunnar, úr kirkjugarðinum og úr sandlagi í kirkjugarðinum sem líklega er eldra en kirkjurnar.

Beinin tvö sem fundust í stéttinni í kirkjugarðinum voru send í greining til dr. Helene Benkert í HÍ. Þau reyndust úr nautgrip og kind.

### ***Hugleiðingar og næstu skref***

Kirkjurnar í Arfabót og Kúabót eru einu kirkjurnar á Íslandi við bæi þar sem grafir hafa ekki fundist. Á öllum öðrum stöðum þar sem rannsóknir hafa farið fram eru grafir. Þó verður að nefna meinta kirkju að Geirsstöðum í Hróarstungu þar sem hvorki var kirkjugarður né öruggar grafir að finna, en hún er talin vera úr frumkristni um 1000. Helsta vísbending um að þetta hafi verið kirkja eru þrjú meint mannabein sem fundust í gryfju (gröf?) sunnan við hana og lítið mannvirki austan við rústina, talinn vera kór (Steinunn Kristjánsdóttir 1998:21-22), sem var áþekkt að stærð og nokkrir

aðrir kórar við rannsakaðar kirkjur svo sem í Varmá í Mosfellsdal frá því eftir 1397 (Sveinbjörn Rafnsson 1971:36) og á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði úr frumkristni (Steinunn Kristjánsdóttir 2004).

Við aðeins tvær aðrar kirkjur á Íslandi hafa ekki fundist grafir, en það eru kirkjan á verslunarstaðnum Gáseyri við Eyjafjörð frá 12.–13. öld (Orri Véstseinnsson 2008) og kapellan í Kapelluhrauni í Hafnarfirði frá því um 1500. (Kristján Eldjárn 1957). Hvorugar þeirra voru bændakirkjur og þjónuðu afmörkuðum hópum fólks og hvorugar voru með torfveggjum.

Það er athyglisvert að þær tvær bændakirkjur þar sem ekki finnast grafir skuli vera úr sömu sveit. Hugsanlega eru það tvö atriði sem geta skýrt það. Í fyrsta lagi er ekki langt í Þykkvabæjarklaustur, eða um 5 km frá Arfabót og um 2,5 km frá Kúabót og í öðru lagi gæti nálægð Kötlu útskýrt þetta að vissu marki. Sífeld gos, flód og sandáburður hefur verið mjög íþyngjandi fyrir bændur á svæðinu og því ekki útilokað að gott hafi verið að reisa guðshús á bænum svo hægt væri að leita skjóls í húsinu og eiga orð við guð sinn þegar áföllin dundu yfir. Í því hefur falist talsvert öryggi fyrir strangtúað fólkið.

Kristján Eldjárn hefur stungið upp á því að heimiliskirkjur og bænhús sem hafi verið með leyfi til greftrunar, hafi fengið leyfið vegna mikillar fjarlægðar í næstu sóknarkirkju og líkflutningar á vetrum erfiðir (Kristján Eldjárn 1953). Þetta getur vel hafa verið svo, en fjarlægðirnar í Kúabót og Arfabót ekki nægilegar til að kirkjurnar tvær hafi fengið grafrarleyfi.

Eins og fram kom í Skýrslu I (Bjarni F. Einarsson 2013) eru engar upplýsingar til um býli með nafninu Arfabót og hið sama gildir um heitið Kúabót. Elsta ritaða heimild um nafnið Arfabót er því líklega í örnefnaskrá. Í sömu skýrslu taldi höfundur að líklegustu bæjarheitin fyrir Arfabót hafi verið Lágey eða Dýralækur. Í skýrslu VII frá 2023 telur höfundur líklegasta nafnið vera Dýranes, og dregur það af því að upptalning eyðibýla á sandinum virðst vera í ákveðinni röð frá vestri til austurs, talið frá Bólhrauni. Varla verður komist nær upprunalegu nafni en þetta.

Aðrir hafa haft hugmyndir um hin upprunalegu nöfn bæjanna og segir t.d. Einar H. Einarsson að nafn Kúabótar kunni að hafa verið Hraungerði (1986:297), eða, að Kúabót sé hið sama og Hafnarnes (sami 1986:303) enda var þar kirkja samkvæmt máldaga Þykkvabæjarklausturs frá 1340 (Ísl. fornbréfasafn 1893:740). Hafnarnes nafnið hefur einnig Schutzback nefnd sem líklegt nafn á Kúabót. (2005:76).

Í kirknatali Páls Jónssonar biskups frá því um 1200 er nokkurra kirkna getið í Álftaveri og á Mýrdalssandi. Auk kirkjunnar í Þykkvabæ eru kirkjur nefndar á Höfðabrekku, á Reyni, í Dyrhólum, á Eyjuni Há og að Sólheimum hinum vestari. Þá er nokkuð ljóst að engar kirkjur eru nefndar við þá bæi sem rústirnar í Arfabót og Kúabót kunna að hafa heitið.

Margt bendir til þess að Arfabót hafi ekki komist aftur í byggð fyrr en eftir 1200, eftir eyðinguna 934 og því hefur kirkja þar ekki verið nefnd í kirknatali Páls biskups.



Í fyrra stóð til að mæla upp nokkrar bæjarrústir og voru Kúabót og Niðurföll mæld með Trimble Juno tæki. Rústir Ósabæjar voru einnig mældar, en sú mæling mistókst í fyrra og var því endurtekin síðstliðið sumar.

Næsta sumar er stefnt að því að taka eDNA (environmental DNA) á bæjarstæðinu í samstarfi við Rocs verkefnið, bæði úr mannvistarlögum og sniðum.

Þau atriði sem eftir er að rannsaka eru hvort rými leynist undir þykkum norðurveggjum bæjarins, kanna hve stór stofan var með því að grafa þverskurði, kanna hvort grafir kunni að leynast í kirkjugarðinum, hvenær byggð hófst aftur í Arfabót eftir gosið mikla 934, hvort meira af gjalli leynist í Húsi H og taka þau sýni sem getið er hér að ofan. Að síðustu á eftir að kanna nokkur torftæknileg atriði í veggjum bæjarhúsanna (hvaða hleðslutækni var notuð, en sést hafa tvær aðferðir fram að þessu, strengur og hnausar. Strengur hefur aðeins fundist í veggjum stofunnar, en hnausar virðast vera í öðrum veggjum. Í skýrslu III er stungið upp á því að strengurinn í stofunni og bogadreginn gaflinn (steinaröð) kunni að vera vísbending um að húsið hafi verið að stofni til eldra en önnur hús á bænum. (Bjarni F. Einarsson 2018:15). Stofan gæti jafnvel verið hluti af fyrsta skeiði bæjarins eftir að hann var byggður upp aftur eftir gosið í Eldgjá. Sú vísbending um að elsta byggingarstig bæjarins sé að finna aðeins 0,3 m undir gölfinu í skálanum styður þessa hugmynd.

### **Heimildir<sup>3</sup>**

- Afmælisrit til Dr. Phil. Kr. Kálunds bókavardar við safn Árna Magnússonar 19. ágúst 1914.* Gefið út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1914.
- Ármann Guðmundsson. *Kúabót í Álftaveri.* Ástandsskoðun og samanburðarrannsókn. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Öræfum. *Glettingur.* Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.
- Bjarni F. Einarsson. „„Garður er granna sættir.“ Fornigarður í Vogsósum.““ *Árnesingur VII.* Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á meintri kirkjurúst á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016.* Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skemma, stofa, skáli, eldhús og klefi.* Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2019.

<sup>3</sup> Hér eru allar heimildir sem komið hafa við sögu frá upphafi rannsókna í Arfabót.

- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, eldhús, klefi og bæjarstæði. Skýrsla V.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, búr göng og bæjarstæði. Skýrsla VI.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
- Bjarni F. Einarsson. *Bærinn sem hvarf í ösku og eldi 1362.* Skrudda. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, búr, göng og bæjarstæði. Skýrsla VI.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
- Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. *Þjótandi við Þjórsá. Fornleifarannsóknir 2008.* Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Björn Lárusson. *The old Icelandic Land Registers.* C.W.K. Gleerup. Lund 1967.
- Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap.* Sögufélag gaf út. Reykjavík 1915.
- Einar Ólafur Sveinsson. „Byggð á Mýrdalssandi.“ *Skírnir.* Tímarit Hins ísl. bókmenntafélags CXXI. Ár. Ritst. Einar Ól. Sveinsson. Reykjavík 1947. Bls. 185-210.
- Einar H. Einarsson. „Mýrdalur.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1975.* Reykjavík 1975. Bls. 11-124.
- Einar H. Einarsson. „Mýrdalssandur – Álftaver.“ *Skírnir.* 160. árg. 1 tbl. Reykjavík 1986. Bls. 284–306.
- Finnur Jónsson. „Tvö heimildarit um byggð í Öræfum, með athugasemdum.“ *Afmælisrit til Dr. Phil. Kr. Kålund's bókavardar við safn Árna Magnússonar 19. ágúst 1914.* Gefið út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1914. Bls. 34–47.
- Frásögur um fornaldarleifar.* Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.
- Gísli Gestsson. „Álnir og kvarðar.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1968.* Reykjavík 1969. Bls. 45-78.
- Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959.* Reykjavík 1959. Bls. 5-87.
- Gísli Gestsson. „Kúabót.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987. Bls. 11-38.
- Gísli Gestsson og Lilja Árnadóttir. „Kúabót í Álftaveri VII. Fundaskrá.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987. Bls. 63–96.
